

ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS HALDINN MÁNUDAGINN 23.

MAÍ 2022 KL. 17:15 Í HÖFUÐSTÖÐVUM ARION BANKA, BORGARTÚNI
19, 105 REYKJAVÍK.



Ásdís Eva Hannesdóttir stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:15 og bauð sjóðfélaga velkomna. Hún lagði til að Gestur Jónsson hrl. yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Gestur tók við fundarstjórn.

Gestur lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir, starfsmaður Arion banka, yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði samþykktta sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmaðan og til þess bærann að afgreiða dagskrárefni. Bent var á að öll fundargögn væru á vefsíðu sjóðsins. Vakin var athygli á að streymt væri frá fundinum.

Þess var getið að í Frjálsa eru skráðir 65.298 sjóðfélagar og er heildaratkvæðamagn þeirra 398.429.181.988. Á fundinn var mætt af hálfu 434 sjóðfélaga sem fóru með 15.985.343.577 atkvæða eða 4,01% heildaratkvæða.

Fundarstjóri upplýsti að stjórn hefði leitað til KPMG sem hefði falið Soffíu Eydísi Björgvinsdóttir, endurskoðanda, að hafa eftirlit með framkvæmd kosninga og talningu.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Kosning stjórnar
4. Tryggingafræðileg athugun
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Fundarstjóri lagði til að dagskráliðirnir skýrsla stjórnar og kynning ársreiknings, þ.e. liðir 1 og 2, yrðu teknir saman til umræðu eftir kynningu á ársreikningi. Engin hreyfði andmælum við því.

1. Skýrsla stjórnar

Ásdís Eva Hannesdóttir, stjórnarformaður Frjálsa, tók til máls og gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um rekstur, starfsemi og hag sjóðsins á síðastliðnu starfsári.

2. Kynning ársreiknings

Arnaldur Loftsson framkvæmdastjóri Frjálsa og Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka, kynntu ársreikning Frjálsa 2021. Sjá [ársreikning 2021](#) og [glærur sem þeir studdust við í kynningum sínum](#).

Arnaldur fór m.a. yfir breytingu á hreinni eign 2021 og bar saman við hreina eign 2020, stærðarþróun Frjálsa síðustu 21 árin og vöxt stærstu lífeyrissjóða á árinu 2021, skiptingu iðgjalda, skyldu- og viðbótariðgjöld sem og skiptingu á séreign og samtryggingu. Arnaldur fór jafnframt yfir sundurliðun á kostnaði, rekstrarkostnaði og beinum fjárfestingargjöldum, veltutölur frá árinu 2021 og kynnti

tryggingafræðilega stöðu og þróun á hreinni eign það sem af var árinu 2022. Þá upplýsti hann að gert væri ráð fyrir að halda aukaársfund í haust, þar sem lagðar yrðu til breytingar á réttindatöflum til að koma jafnvægi á framtíðarstöðuna í tryggingafræðilegri athugun.

Hjörleifur Arnar Waagfjörð fór yfir síðari hluta ársreiknings, ávöxtun og eignasamsetningu sjóðsins. Hjörleifur fór yfir þróun markaða 2021 í samanburði við 2020, ávöxtun fjárfestingaleiðanna á árinu, helstu eignaflokka og áhrif þeirra til ávöxtunar sjóðsins, sundurliðun innlendra skulda- og hlutabréfa, sérhæfðar innlendar og erlendar fjárfestingar sem og sundurliðun erlendra verðbréfa. Bent var á greinarsafn inn á heimasíðu sjóðsins um sérhæfðar innlendar fjárfestingar.

Að þessu loknu gaf fundarstjóri orðið laust og báðu tveir sjóðfélagar um orðið:

Yngvi Óttarsson fór yfir [glærur sínar um samanburð Frjálsa við Almenna og Live](#). Yngvi lagði fram eftirfarandi spurningar til stjórnar og framkvæmdastjóra:

- Þarf að taka fjárfestingarstefnu sameignardeildar til endurskoðunar ?
- Hvers vegna eru yfirlit sjóðsins ekki send út m.v. almanaksárið?

Sæmundur Norðfjörð steig í pontu og lagði fram eftirfarandi spurningar til stjórnar og framkvæmdastjóra:

- Hvers vegna er safnið ekki fært úr virkri sjóðastýringu yfir í vísitölusjóði ?
- Hvers vegna er svona mikil óþarfa velta á safninu ?
- Er stjórn reiðubúin í að kanna sameiningu við Almenna og liggur fyrir áætlun þar um ?

Arnaldur Loftsson svaraði spurningum Yngva um útsendingu yfirlita. Ákveðið var fyrir nokkrum árum að senda út 18 mánaða tímabil vegna reglna hjá Ábyrgðarsjóði launa um 18 mánaða ábyrgð. Arnaldur fór næst yfir uppbyggingu Frjálsa, m.a. Erfanlegu leiðina og Frjálsu leiðina, muninn á samtryggingu og séreign sem og hvaða fjárfestingaleiðir væru í boði fyrir séreignina sem ekki á við um samtrygginguna. Samtryggingadeildin hefur starfað út frá réttindamarkmiðum. Til að draga úr líkum á að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga, sem þeir hafa áunnið sér, er fjárfestingarstefnan varfærin. Það væri önnur umræða ef ætti að auka áhættuna. Arnaldur sýndi að lokum yfirlit yfir fjárfestingarstefnur samtryggingadeilda sem hafa opna sjóðfélagaaðild. Áhættumeiri eignir hafa skilað meiri ávöxtun á samanburðartímabilinu og því hafa þessar deildir notið hærri ávöxtunar. Ef borin væri saman ávöxtun Frjálsa út frá samsettum skylduiðgjaldi í séreign og samtryggingu sem væru samtals með sambærilega fjárfestingarstefnu og LIVE og Almenni kæmi í ljós að ávöxtun Frjálsa stæðist allan samanburð.

Hjörleifur steig næst upp í pontu og ræddi veltu og svaraði spurningum Sæmundar. Hjörleifur fór yfir kaup og sölur ársins í öllum eignarflokum og sýndi kostnað í samanburði við sömu lífeyrissjóði og Yngvi bar saman við. Hjörleifur sagði að þessar upplýsingar komi fram á heimasíðu sjóðsins en þær mætti ef til vill skýra betur.

Að þessu sögðu steig Ásdís aftur í pontu. Ásdís tók fram að stjórn sýndi aðhald og væri gagnrýnin, meðvituð um kostnaðarhlutfall og reyndi að lækka kostnað. Stjórn bæri fullt traust til þeirra sérfróðu aðila sem ynnu fyrir sjóðinn. Ásdís upplýsti að sjóðurinn væri alltaf tilbúinn til viðræðna við sjóði sem vilja sameinast Frjálsa, en það yrði að gerast á forsendum sjóðfélaga Frjálsa.

3. Kosning stjórnar

Fundarstjóri upplýsti að fyrir lægi að kjósa ætti þrjá stjórnarmenn og þrjá varamenn.

Fimm aðilar hefðu gefið kost á sér til setu í aðalstjórn sem væru í stafrófsröð:

- Elías Jónatansson
- Elín Þórðardóttir
- Jón Guðni Kristjánsson
- Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir
- Yngvi Harðarson

Til varastjórnar:

- Haraldur Pálsson (til 3 ára)
- Lilja Bjarnadóttir (til 1 árs)
- Sigurður H. Ingimarsson (til 2 ára)

Fundarstjóri upplýsti að frambjóðendur til varastjórnar væru jafnmargir og kjósi hefði átt um og hefðu ákveðið að bjóða sig fram til þriggja mismunandi tímabila. Væri því sjálfkjörið í varastjórn.

Athugasemd barst frá Yngva Óttarssyni þar sem hann lýsti þeirri afstöðu sinni að samkvæmt grein 4.1 í samþykktum Frjálsa skuli kosning vera með rafrænum hætti sem þegar hafi farið fram. Engin heimild sé til þess að kosningin fari líka fram á ársfundinum. Óskaði hann úrskurðar fundarstjóra um lögmæti skriflegu atkvæðagreiðslunnar. Yngvi rökstuddi afstöðu sína í pósti til stjórnar Frjálsa dagsettu 19. maí 2022 (sjá endurrit af póstinum í fylgiskjali I):

Fundarstjóri gat þess að lögmaður stjórnar sjóðsins hafi svaraði erindi Yngva með bréfi dagsettu 13. maí sl. (sjá afrit af svarbréfi í fylgiskjali II). Las fundarstjóri hluta bréfsins. Þar komi fram sú afstaða lögmánsins að fyrirkomulag kosningarinnar í reglum stjórnar Frjálsa um framkvæmd ársfundar, sem kynnt var sjóðfélögum 22.-23. apríl sl., samrýmist lögum og samþykktum sjóðsins.

Fundarstjóri lýsti þeirri ákvörðun sinni að láta fundinn fara fram samkvæmt dagskrá. Hann myndi ekki úrskurða um kröfу Yngva Óttarssonar um ólögmæti þeirra reglna sem giltu um ársfundinn heldur teldi hann hlutverk sitt að tryggja að fundurinn færi fram samkvæmt settum reglum.

Fundarstjóri greindi næst frá því að kosnir yrðu þrír stjórnarmenn til þriggja ára og útskýrði nánar fyrirkomulag kosninga. Frambjóðandi sem valinn yrði fengi heildarfjölda atkvæða skv. atkvæðaseðlinum hvort sem merkt væri við einn, two eða þrjá frambjóðendur. Ef merkt væri við fjóra eða fleiri frambjóðendur teldist seðillinn ógildur. Gengið var til kosninga og var frambjóðendum boðið að hafa fulltrúa sína viðstadda talningu. Soffía Björgvinsdóttir frá KPMG hafði eftirlit með talningunni.

4. Tryggingafræðileg athugun

Birt var upptaka af kynningu Bjarna Guðmundssonar, tryggingarstærðfræðings Frjálsa, sem kynnti niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar á tryggingadeild sjóðsins m.v. 31. desember 2021.

Bjarni greindi frá breytingum á líkani um lífslíkutöflur sem gerir ráð fyrir hækkandi lífaldri og upplýsti að lífeyrissjóðnum væri gefinn frestur til 2023 til að bregðast við líkaninu. Stjórn Frjálsa hefði ákveðið að líkanið yrði notað strax því tilgangur með þessum útreikningum væri að fá sem raunhæfast mat á skuldbindingum sjóðsins. Bjarni útskýrði hvernig líkanið væri gert og sýndi hvaða áhrif það hefur á

útreikningana. Í máli Bjarna kom fram að m.v. nýja reiknigrunninn væri áunna staðan 0,1%, framtíðarstaðan -17,0% og heildarstaðan -9,2% sem væri innan marka laganna. Ljóst væri hins vegar að gera þarf breytingar á réttindatöflum sjóðsins til að ná jafnvægi í framtíðarstöðu sjóðsins og væri því gert ráð fyrir boðun aukaársfundir í haust vegna þessa.

Að þessu loknu gaf fundarstjóri orðið laust og óskaði engin eftir að taka til máls.

3. Kosning stjórnar - framhald

Fundarstjóri kynnti heildarniðurstöðu kosninga um aðalmenn í stjórn.

Niðurstaða:

Elías Jónatansson	22.457.490.259
Elín Þórðardóttir	24.047.406.733
Jón Guðni Kristjánsson	19.752.651.232
Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir	6.916.738.486
Yngvi Harðarson	12.344.182.851
Auðir og ógildir seðlar	- 21.565.363
Samtals	85.540.035.024

Réttkjörin í stjórn voru því Elías Jónatansson, Elín Þórðardóttir og Jón Guðni Kristjánsson til næstu þriggja ára.

Fundarstjóri upplýsti að hann hefði mótttekið, bæði munnelega og með tölvupósti, frá tveimur frambjóðendum í stjórnarkjöri, Sveinbjörgu Birnu Sveinbjörnsdóttir og Yngva Harðarsyni, beiðni um að upplýst yrði annarsvegar um heildarhlutfall í rafrænni kosningu og atkvæðaskiptingu þeirrar kosningar, sundurliðað á frambjóðendur, og hins vegar um atkvæðaskiptingu á niðurstöðu kosningar á ársfundi. Frambjóðendurnir vísuðu til þess að í reglum stjórnar kæmi ekkert fram að ekki sé hægt að verða við þessari áskorun. Áskorunin væri sett fram ef til þess kæmi að látið yrði reyna á lögmæti kosningaráinnar með tilliti til heimildar stjórnar samkvæmt samþykktum um að taka ákvörðun um að viðhafa bæði rafrænar og skriflegar kosningar í stjórnarkjöri (sjá endurrit af beiðninni í fylgiskjali III). Fundarstjóri upplýsti að beiðnin yrði færð til bókar.

5. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Hjörleifur A. Waagfjörð fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2021. Hjörleifur upplýsti að áherslubreytingar væru í stefnunni milli ára, hlutfall erlendra eigna aukist að jafnaði í flestum liðum, breidd erlenda eignasafnsins aukist og innlend skuldabréf minnka á móti erlendum eignum. Hlutfall innlendra hlutabréfa hækki lítillega og innbyrðis breyting á samsetningu á skuldabréfasafninu og dregið úr vægi sértryggða skuldabréfa á kostnað skuldabréfa sveitarfélaga. Til viðbótar við markmið væru vikmörk sem sjóðurinn hefur til að stíga öduna, draga úr áhættu og nýta sér tækifæri. Vikmörkin væru aðlöguð í samræmi við áherslubreytingarnar.

6. Kjör endurskoðanda

Stjórn lagði til að KPMG verði áfram endurskoðandi sjóðsins. Samþykkt án móttakvæða.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Sonja Guðlaugsdóttir, lögfræðingur og ritari stjórnar sjóðsins kynnti eftirfarandi tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum stjórnar og fór yfir rökstuðning fyrir tillögunum sem birst hafði á heimasíðu sjóðsins fyrir fundinn. Breytingartillögurnar voru tvær.

Annars vegar viðbót við grein 16.5 varðandi erfð séreignar. Með tillögunni er lagt til að í ákvæði 16.5 varðandi erfð séreignar verði maka- og barnahugtakið skilgreint með skýrum hætti til upplýsinga fyrir sjóðfélaga. Þannig verði vísað í erfðalög, líkt og lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða gera. Samkvæmt erfðalögum getur aðeins maki sem gengið hefur í hjúskap með rétthafa skv. hjúskaparlögum nr. 31/1993, börn og kjörbörn talist til skylduerfingja, en ekki t.d. maki í óvígðri sambúð eða fóstur- eða stjúpbörn, sem þó geta átt rétt á maka- eða barnalífeyri að ákveðnum skilyrðum laga og samþykkta uppfylltum.

Breytingin er svohljóðandi (sjá viðbót í **rauðu** og **undirstrikuð**):

16.5 Deyi sjóðfélagi áður en séreignin er að fullu greidd út, fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti sjóðfélagi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins. Maki samkvæmt þessari grein telst sá sem var í hjúskap með sjóðfélaga við andlát, sbr. reglur erfðalaga. Börn samkvæmt þessari grein teljast börn og kjörbörn sjóðfélaga í skilningi erfðalaga.

Hins vegar væri lögð til breyting á grein 16.2 varðandi tilhögun lífeyrisgreiðsla en þar er lagt til að úr ákvæði 16.2 verði fjarlægð tilvísun þess efnis að hámarks upphæð eingreiðslu skuli taka tillit til réttinda í öðrum lífeyrissjóðum. Breytingin er í samræmi við breytingar á samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða og almennt vinnulag.

Breytingin er svohljóðandi (sjá breytingu í **rauðu** og **yfirstrikuð**):

16.2. Lifeyrir greiðist úr tryggingadeild og bundinni séreign mánaðarlega eftir á. Fyrst fyrir næsta mánuð er lifeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lifeyris fellur úr gildi. Ellilifeyrir greiðist frá og með næsta mánuði eftir að umsókn berst sjóðnum. Þó er sjóðnum heimilt að greiða ellilifeyri úr bundinni séreign í sama mánuði og umsókn berst sjóðnum. Þegar hámarksaldri er náð skv. gr. 10.2. skal sjóðurinn hefja greiðslu ellilifeyris vegna næsta mánaðar þar á eftir, enda hafi sjóðurinn nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Aldrei skal sjóðnum skylt að úrskurða örorku-, maka- og barnalífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár sem reiknast frá byrjun mánaðar er umsókn berst sjóðnum. Nemi áunnin réttindi til lifeyris minna en 1.500 kr. á mánuði, að teknu tilliti til réttinda í öðrum lífeyrissjóðum, er sjóðnum heimilt að greiða lifeyrisþega í einu lagi þá upphæð sem svarar til tryggingafræðilegs virðis lifeyrisréttarins. Upphæðin uppfærist mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísítölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísítöluna 230. Ef bundin séreign sjóðfélaga er lægri en 500.000 kr. er sjóðfélaga heimilt að fá hana greidda út í heilu lagi. Upphæðin uppfærist árlega í hlutfalli við breytingu á vísítölu neysluverðs miðað við grunnvísítölu 173,5 stig.

Að kynningu lokinni gaf fundarstjóri orðið laust og óskaði engin eftir að taka til máls.

Breytingartillögurnar voru báðar samþykktar samhljóða.

8. Laun stjórnarmanna

Fundarstjóri kynnti tillögu um stjórnarlaun:

Stjórnarlaun aðalmanna

Lagt er til að stjórnarlaun aðalmanna verði, 250.000 kr. á mánuði, laun stjórnarformanns verði tvöföld laun aðalmanna og laun varastjórnarformanns ein og hálf laun aðalmanna.

Auk þess er lagt til óbreytt fyrirkomulag þess efnis að ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanns, fyrir hvern setinn aukafund sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundi skv. starfsáætlun stjórnar.

Ekki er greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.

Stjórnarlaun varamanna

Lagt er til að stjórnarlaun varamanna verði helmingur af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanns fyrir hvern setinn fund.

Árslaun varamanna skulu vera að lágmarki ein og hálf mánaðarlaun stjórnarmanns.


Fundarstjóri bauð fundarmönnum að tjá sig um tillöguna og óskaði engin eftir að taka til máls.

Tillagan um laun aðal- og varamanna var samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara og boðaði að fundargerðin yrði sjóðfélögum aðgengileg á vefsíðu sjóðsins. Fundarstjóri þakkaði framsögumönnum fyrir þeirra framlag til fundarins og fundarmönnum samstarf við fundarstjóra um afgreiðslu dagskrármála.

Fundarstjóri gaf formanni stjórnar orðið og sleit hún fundi kl. 20:29.



Gestur Jónsson
Fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir
Fundarritari

Fylgiskjal I: Erindi Yngva Óttarssonar, dagsett 19. maí 2022.

Fylgiskjal II: Svarbréf frá lögmanni stjórnar Frjálsa dagsett 13. maí 2022.

Fylgiskjal III: Beiðni Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur og Yngva Harðarsonar, dagsett 23. maí 2022.